

Til Skipulagsráðs og Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar

Íbúafundur í Innbænum haldinn 15. Nóvember 2017 á vegum hverfisnefndar Brekku og Innbæjar

Umferðarskipulagi er verulega ábótavant í Innbænum þar sem umferðarþungi er mun meiri um allar götur en eðlilegt myndi teljast í íbúabyggð. Á litlu svæði kemur saman umferð íbúa, ferðamanna og gesta ísbúðarinnar Brynju og í ofanálag er Lækjargatan notuð í miklum mæli sem tengibraut milli hverfa. Íbúar deildu á fundi hugleiðingum sínum um það hvernig mætti draga úr umferðarþunga á svæðinu og voru sammála um að líta þyrfti á svæðið sem heild við stýringu umferðar.

Fundurinn samþykkti eftirfarandi áherslupunkta og óskar eftir viðbrögðum skipulagsráðs og skipulagsdeildar við þeim sérstaklega. Einnig sat verkefnisstjóri skipulagsmála fundinn og skráði hjá sér hugmyndir sem munu vonandi nýtast vel við ákvarðanatöku og útfærslu.

1. Fundurinn telur tilraun með einstefnu í nyrsta hluta Aðalstrætis ekki hafa heppnast að fullu. Ringulreið hjá Brynju minnkaði vissulega, en umferð jókst tilfínanlega um Hafnarstræti, auk þess sem hraðakstur jókst heldur suður Aðalstrætið á milli Lækjargötu og Hafnarstrætis. Fundurinn leggur til þá breytingu að einstefna haldi sér áfram á syðri kafla tilraunasvæðisins (frá Lækjargötu suður að Hafnarstræti) en tvístefna verði aftur sett á nyrðri kaflann, þ.e. á upphaf Aðalstrætis (frá Pakkhúsinu að Lækjargötu). Samhliða þessu er nauðsynlegt að grípa til viðeigandi aðgerða til að draga úr hraða og leggur fundurinn til verulega þrengingu í beygjunni við Spítalastíg (t.d. þannig að aðeins komist einn bíll í einu) sem og hraðahindranir eða þrengingar á spottanum frá Lækjargötu að Hafnarstræti. Þörf er á að merkja kannt og stæði þannig að bílar leggi ekki svo nærri horninu Lækjargata/Aðalstræti að skerði sýn ökumanna.
2. Fundurinn kallar eftir því að þungatakmarkanir verði settar við allar innkeyrslur í hverfið. Umferð þyngri ökutækja verði þar með létt af svæðinu nema þegar nauðsyn krefur vegna flutninga, vörumóttöku, framkvæmda, sorphirðu og annars viðlíka.
3. Fundurinn kallar eftir tillögum bæjarins að því hvernig draga má verulega úr gegnumakstri um Lækjargötu. Gatan er mikið notuð sem tenging fyrir vegfarendur sem koma austan úr heiði og eiga leið í VMA, MA og sjúkrahúsið. Þessi straumur mun þyngjast þegar Vaðlaheiðargöng verða opnuð. Lækjargatan hefur ekki burði til að anna þessari umferð og nauðsynlegt er að beina þessari umferð annað. Fundurinn telur lausnina liggja í aðgerðum efst í Lækjargötu og óskar eftir tillögum bæjarins þar um. Best væri ef varanlegt hlutverk Lækjargötu kæmi fram á Aðaskipulagi.
4. Ástæða þykir til að benda á að undirbúningi við einstefnutilraunina var ábótavant þar sem mælitæki voru biluð og ekki gripið til annarra talningarleiða í staðinn til að meta árangur tilraunarinnar. Upplifun íbúa á svæðinu er vissulega gott mælitæki, en íbúar telja nauðsynlegt að hafa haldbærar talningar máli sínu til stuðnings í framtíðinni.
5. Sunnar í Aðalstrætinu (frá A 16 og suður að Duggufjöru) skilar forgangsskilti sem sett voru upp fyrir nokkru ekki tilskyldum árangri. Ítrekað er ekið upp á gangstétt austanmegin götunnar og er slíkt aksturlag nánast viðtekin venja. Afar sjaldgæft er að forgangur sé virtur. Fundurinn óskar eftir tillögum að aðgerðum til að koma í veg fyrir að ökumenn noti gangstéttina til aksturs. Íbúar við götuna hafa reynt að koma í veg fyrir þetta með því að stilla upp blómakerjum og öðru smálegu á gangstéttinni en slíkt hefur í engum tilfellum dugað út daginn.

Fyrir hönd fundarmanna:

Hverfisnefnd Brekku og Innbæjar